

**Nd.**

**1138. Breytingartillögur**

[479. mál]

við frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 3. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:  
Ferðamálaráð heldur fundi a. m. k. fjórum sinnum á ári.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.  
Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:
  1. Félag hópferðaleyfishafa.
  2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
  3. Félag leiðsögumanna.
  4. Félag sérleyfishafa.
  5. Ferðafélag Íslands.
  6. Flugleiðir hf.
  7. Náttúruverndarráð.
  8. Samband veitinga- og gistihúsa.
  9. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
  10. Ferðapjónusta bænda.
  11. Reykjavíkurborg.
  12. Ferðamálasamtök Vesturlands.
  13. Ferðamálasamtök Vestfjarða.
  14. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.
  15. Ferðamálasamtök Norðurlands eystra.
  16. Ferðamálasamtök Austurlands.
  17. Ferðamálasamtök Suðurlands.
  18. Ferðamálasamtök Suðurnesja.Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.  
Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.
3. Við 6. gr.
  - a. Síðasti másl. fyrri mgr. falli brott.
  - b. Síðari mgr. orðist svo:  
Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.
4. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Fríhöfnin skal greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Skal þessu fjármagni varið á eftirfarandi hátt:
  - a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.
  - b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
  - c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr.

5. Við 9. gr.
  - a. D-liður 1. mgr. orðist svo: að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjareign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar.
  - b. 2. mgr. orðist svo:  
Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan.
6. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Skal ráðið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.
7. Við 25. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:  
Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs um lán- og styrkveitingar skulu lagðar fyrir Ferðamálaráð til kynningar og umfjöllunar.
8. Við 38. gr. Fyrri mgr. orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.